



SAMÞYKKT UM ÚTGÁFU, ÞJÓNUSTU OG UPPLÝSINGAGJÖF TIL FÉLAGA

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8.- 9. maí 2014 felur stjórn FG að efla rafræna þjónustu við félagsmenn. Áhersla sé á rafræna miðla í upplýsingagjöf til félagsmanna og útgáfu prentaðs efnis stillt í hóf.

Mikilvægt er að Skólavarðan komi út að minnsta kosti tvisvar á ári og að í blaðinu verði öflug umfjöllun um fagmál og kjaramál kennara. Leitað verði til félagsmanna eftir efni í blaðið.